

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 138/2001

frá 9. nóvember 2001

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2001 frá 28. september 2001⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun ráðsins 1999/30/EB frá 22. apríl 1999 um viðmiðunargildi fyrir brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð og efnisagnir og blý í andrúmsloftinu⁽²⁾, sem smám saman kemur í stað tilskipana ráðsins 80/779/EEB⁽³⁾, 82/884/EEB⁽⁴⁾ og 85/203/EEB⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 322, 6.12. 2001, bls. 38 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 60, 6.12.2001, bls. 35.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 163, 29.6.1999, bls. 41.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 229, 30.8.1980, bls. 30.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 378, 31.12.1982, bls. 15.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 87, 27.3.1985, bls. 1.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á III. kafla (Loft) í XX. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 13d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/69/EB):

„13e. **399 L 0030**: Tilskipun ráðsins 1999/30/EB frá 22. apríl 1999 um viðmiðunargildi fyrir brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð og efnisagnir og blý í andrúmsloftinu (Stjtið. EB L 163, 29.6.1999, bls. 41).“

2. Eftirfarandi texti bætist við í 14. lið (tilskipun ráðsins 80/779/EBE) á eftir aðlögunartextanum:

„Þessi tilskipun fellur úr gildi 19. júlí 2001, að undanskilinni 1. gr., 1. mgr. 2. gr., 1. mgr. 3. gr., 9., 15. og 16. gr. og I. viðauka, III. viðauka b og IV. viðauka sem falla úr gildi 1. janúar 2005.“

3. Eftirfarandi texti bætist við í 15. lið (tilskipun ráðsins 82/884/EBE) á eftir aðlögunartextanum:

„Þessi tilskipun fellur úr gildi 19. júlí 2001, að undanskilinni 1. gr., 2. gr., 1. mgr. 3. gr., 7., 12. og 13. gr. sem falla úr gildi 1. janúar 2005.“

4. Eftirfarandi texti bætist við í 17. gr. (tilskipun ráðsins 85/203/EBE) á eftir aðlögunartextanum:

„Þessi tilskipun fellur úr gildi 19. júlí 2001, að undanskildum fyrsta undirlið 1. mgr. 1. gr., og fyrsta undirlið 2. mgr. 2. gr., 1. mgr. 3. gr., 5., 9., 15. og 16. gr. sem falla úr gildi 1. janúar 2010.“

2. gr.

Í III. kafla XX. viðauka við samninginn fellur texti 14. liðar (tilskipun ráðsins 80/779/EBE) og 15. liðar (tilskipun ráðsins 82/884/EB) úr gildi 1. janúar 2005 og texti 17. liðar (tilskipun ráðsins 85/203/EBE) fellur úr gildi 1. janúar 2010.

3. gr.

Texti tilskipunar ráðsins 1999/30/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. nóvember 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 9. nóvember 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

E. Bull

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.